

290. fundur Heilbrigðisnefndar Suðurnesja, haldinn að Skógarbraut 945, Reykjanesbæ, fimmtudaginn 14. október 2021, kl. 16:00.

Mætt: Haraldur Helgason, formaður, fulltrúi Suðurnesjabæjar, Hanna Björg Konráðsdóttir, fulltrúi Reykjanesbæjar, Inga Rut Hlökkversdóttir, fulltrúi Sveitarfélagsins Voga og Birgitta Káradóttir, fulltrúi Grindavíkur, auk starfsmanna Heilbrigðiseftirlits Suðurnesja: Magnús H. Guðjónsson, framkvæmdastjóri, J. Trausti Jónsson, Sonja Hrund Steinarsdóttir og Ásmundur E. Þorkelsson (fundaritari). Bergþóra Sigurjónsdóttir, fulltrúi atvinnurekenda og Ingvi Hákonarson, fulltrúi Reykjanesbæjarkomu ekki á fundinn.

Dagskrá:

1. Starfsleyfi
2. Beiðni um Benchmark Genetics Iceland um undanþágu sb. gr. 9.7 í reglugerð nr. 798/1999.
3. Ársreikningur HES 2020. Seinni umræða.
4. Fjárhagsáætlun HES 2022.
5. Önnur mál.

Formaður setti fundinn og gengið var til dagskrár.

1. Starfsleyfi.

Eftirtöldum veitt starfsleyfi skv. reglugerð nr. 941/2002 um hollustuhætti. Gildistími starfsleyfa er 12 ár.

- Borðtennisfélag Reykjanesbæjar, kt. 590421-0300, Hringbraut 125, 230 Reykjanesbær til að reka æfingaaðstöðu fyrir borðtennis.
- Jay ehf., kt. 460220-2110, Hafnargata 58, 230 Reykjanesbær til að reka gistiskála.

Eftirtöldum veitt starfsleyfi skv. reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit, sbr. verklagsreglur við auglýsingu nr. 582/2000 frá umhverfisráðuneytinu.

Fyrirtæki í auglýsingaferli.

- Eldvörp ehf., kt. 690498-2009, Hafnargata 15, 240 Grindavík, til reksturs trésmíðaverkstæðis.
- Stálsmiðjan-Framtak ehf., kt. 430801-2520, starfsstöð við Reykjanesvirkjun, 233 Reykjanesbæ til reksturs blikk- og járnsmíðaverkstæðis.
- Procar ehf., kt. 670709-1830, Vesturbraut 10, 230 Reykjanesbær, til reksturs bílaleigu með bílaverkstæði og bílþvottaaðstöðu.
- Flatfiskur ehf., kt. 581212-1000, Strandgata 16, 245 Suðurnesjabær til reksturs fiskvinnslu.
- HB ehf., kt. 601206-0640, Bogatröð 33, 262 Reykjanesbæ, til reksturs bílaleigu með verkstæði og bílþvottaaðstöðu.
- Vélþróttafélag Reykjaness, kt. 651102-2780, við Sólbrekkur samkvæmt lóðarblaði, 260 Reykjanesbæ til reksturs á torfæri- og æfingarbraut.
- Skotdeild Keflavíkur., kt. 620894-2739, Hafnarheiði, Reykjanesbæ til reksturs skotvallar.
- Íslenskir Aðalverktakar hf., kt. 660169-2379, Holtsgata 49, 260 Reykjanesbæ til reksturs vélaverkstæðis og smurstöðvar.
- Oliuverslun Íslands., kt. 500269-3249, Fitjabakka 2-4, 260 Reykjanesbæ til að reka sjálfsafgreiðslu bensínstöð.
- Bílaverkstæði Þóris ehf., kt. 560905-1140, Iðjustíg 1, 260 Reykjanesbæ til að reka bifreiðaverkstæði.

Nefndin felur heilbrigðiseftirlitinu að gefa út starfsleyfi til ofangreindra fyrirtækja berist ekki athugasemdir á auglýsingatíma.

Starfsleyfi gefin út.

- Nesfiskur ehf., kt. 410786-2279, Gerðavegur 32, 250 Garði til rekstur fiskvinnslu. Starfsleyfi gefið út 1.10.2021 til 30.1.2022. Framlengt m.t.t. uppfærðrar úrbótaáætlunar og tafa á framkvæmdum.

Tímabundin starfsleyfi.

- Ræktunarsamband Flóa og Skeiða ehf., kt. 410693-2169, 800 Selfossi, til jarðborunar við Reykjanesvirkjun, REY4.

2. Beiðni um Benchmark Genetics Iceland um undanþágu sb. gr. 9.7 í reglug. 798/1999.

Benchmark Genetics Iceland er **veitt undanþága** vegna fráveitu í samræmi við málsgrein 9.7 í reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólp vegna fráveitu frá starfsstöð þeirra í Vogavík.

3. Ársreikningur HES 2020. Seinni umræða.

Ársreikningur 2020 var tekinn til síðari umræðu. Ársreikningurinn var samþykktur.

4. Fjárhagsáætlun HES 2022

Framkvæmdastjóri lagði fram fjárhagsáætlun fyrir Heilbrigðiseftirlit Suðurnesja 2022 og kynnti fyrir nefndarmönnum. Fjárhagsáætlunin var samþykkt.

5. Önnur mál

Rakavandamál í Myllubakkaskóla. Kynnt var aðkoma embættisins að málinu. Nefndin leggur áherslu á að embættið fylgi málinu fast eftir.

Innköllum matvæla. Skýrt var innköllum á Cocoa Puffs vegna efnainnihalds. Nefndin felur embættinu að fylgja málinu eftir.

Fleira var ekki gert og var fundi slitið klukkan 17:40.